

Sent í tölvupósti

Reykjavík, 11. maí 2023

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
v.t. Bryndís Haraldsdóttir, formaður

Efni: Umsögn til allsherjar- og menntamálanefndar vegna tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025, 982. mál, 153. löggjafarþing.

Bændasamtök Íslands telja að þau atriði sem fram koma í köflum um framtíðarsýn og meginmarkmiðum þingsályktunartillögunnar séu góðra gjalda verð. Samtökin telja þó að í báða þá kafla vanti sérstaka tilvísun í stóra málaflokka á borð við fæðuöryggi, matvælaöryggi og áskoranir á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Um er að ræða málaflokka sem fyrirsjáanlega eru hluti af því að bæta og tryggja lífsgæði á Íslandi sem og að auka, svo um munar, tækifæri í íslensku atvinnulífi. Framangreindir málaflokkar kalla á aukna sérhæfingu, uppbyggingu innviða og aukið fjármagn þvert á námsgreinar, fræðasamfélagið og ráðuneyti.

Þessu til stuðnings má nefna nokkur atriði úr nýframlagðri þingsályktunartillögu um landbúnaðarstefnu Íslands til ársins 2040. Í framtíðarsýn stefnunnar segir m.a. að: *Ísland verði í fremstu röð ríkja í framleiðslu heilnæmra landbúnaðarafurða, fæðuöryggi verði tryggt, landbúnaður verði kolefnishlutlaus, fullnýting afurða og lífrænna hráefna verði tryggð [...], framfarir í landbúnaði ráðist af nýrri tækni á grundvelli nýsköpunar og hagnýtra rannsókna, menntun í landbúnaðartengdu námi mæti þörfum atvinnulífsins og markaðarins og framleiðendur búi yfir hæfni og getu til að takast á við áskoranir og tækifæri framtíðarinnar [...].* Til þess að framtíðarsýnin verði að veruleika segir jafnframt í landbúnaðarstefnunni að áhersla verði lög á nokkur meginviðfangsefni sem eru m.a.: *Fæðuöryggi, loftslagsmál, líffræðileg fjölbreytni, hringrásarhagkerfi, alþjóðleg markaðsmál, nýsköpun og tækni, og menntun, rannsóknir og þróun.*

Á dögnum kynnti Matvælaráðuneytið aðgerðaáætlun um aukna kornrækt á Íslandi. Út úr skýrslunni má lesa að raunhæft sé að Ísland verði sem næst sjálfbært um kornöflun innan nokkurra áratuga. Sé rétt haldið á spilunum geti Ísland einnig framleitt korn til útflutnings. En til þess að þessum markmiðum verði náð verður framangreind framtíðarsýn landbúnaðarstefnunnar að raungerast.

Bændasamtökin telja að liður 2.2 sé eitt af lykilatriðum þess að treysta nýsköpun og framþróun með tilliti til fæðuöryggis, matvælaöryggis og umhverfis- og loftslagsmála. Í landbúnaði eru framundan á næstu árum og áratugum áskoranir sem kalla á að stundaðar verði langtíma rannsóknir á Íslandi. Því er mikilvægt að umhverfi rannsókna s.s. styrkjakerfi og tengdir innviðir s.s. fræðastarf háskólanna styðji umfangsmeiri rannsóknir sem krefjast bæði verulegra fjármuna og stuðnings til lengri tíma en núverandi umhverfi býður uppá.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur